


Búnaður til að verja öndunarfæri gegn sýkingum

Fínagnagrímur:

- Heilbrigðisstarfsmaður sem
- sinnir sjúklingi með smitandi öndunarfærasjúkdóm (eða sem talinn er geta verið með slíkan sjúkdóm)
 - framkvæmir aðgerð /sinnir meðferð sem veldur auknum smitútsklinaði um öndunarfæri
 - sinnir sjúklingi með smitsjúkdóm með óljósar smitleiðir skal ávallt velja þá tiltæku öndunarfæravörn sem veitir mesta vernd, helst fínagngrímu.
- Til að einnota fínagnagríma veiti tilætlaða vörn er mikilvægt að hún falli vel að andliti notandans og sé þétt. Ef hún fellur ekki þétt að andlitinu og er ekki þétt er hættu á að smitögnum í andrúmslofti sé andað inn og þar með veitir fínagnagríman ekki vörn.
- Þeir sem nota fínagnagrímur þurfa að fá þjálfun í að nota þær (þ.e. setja þær á sig og taka af sér, hvernig má forðast að menga sig við notkun grímunnar og þegar hún er tekin niður, svo og hvernig hægt er að ná sem mestri þéttni).
- Þéttleikapróf skal gera á fínagnagrímu í hvert sinn sem hún er notuð.
- Hárvöxtur í andliti og óeðlilegt andlitsfall geta hamlað því að gríman sitji þétt og dregur það úr virkni fínagnagrímunnar. Heilbrigðisstarfsmenn sem slíkt á við um geta þurft önnur úrræði til að verja öndunarfæri fyrir smitögnum (t.d. vélknuna ferskloftsíu með heilhjálm).
• Við val á fínagnagrímum til nota í heilbrigðisþjónustu þarf að hafa í huga ýmis atriði, s.s. kostnað, aðgengi, áhrif á hreyfanleika, áhrif á umönnun sjúklinga, möguleika á að verða fyrir auknu magni svifúða og möguleika á að margnota fínagnagrímur geti leitt til útbreiðslu smits.
- Fínagnagrímur verða að uppfylla viðurkennda staðla s.s.
 - EU: CE-vottað FFP 2 með 95% síun (filtering face piece class 2) og FFP 3 með 99.7% síun.
 - USA: NIOSH-vottað N95 með 95% síun, N99 með 99% síun og N100 með 99.7% síun.
- Skipta skal um fínagnagrímu ef hún blotnar eða verður óhrein. Handhreinsun strax á eftir snertingu við grímu.

Prófun á þéttleika fínagnagrímu:



1. Haltu grímunni í hendinni, nefstykkið er við fingurgóma og teygjur hanga frítt niður fyrir hendina.



2. Settu grímuna undir hökuna og liftu henni síðan að andlitinu þannig að nefstykkið komi að nefi.



3. Dragðu efri teygjuna yfir höfuðið og settu hana hátt á hnakkann. Dragðu neðri teygjuna yfir höfuðið og settu hana aftan á hálsinn neðan við eyrun.



4. Settu fingurgóma beggja handa á efri hluta nefstykkisins, sem er úr málm. Mótaðu stykkið þannig að það falli vel að lögun nefsins. Að klemma nefstykkið með annarri hendi getur leitt til að gríman skili lakari árangri.



5. Settu báðar heder framan á fínagnagrímuna en gættu þess að aflaga ekki staðsetningu hennar. Síðan er þéttni grímunnar prófuð með eftirfarandi hætti:

5 A Þéttni prófuð við útöndun
(*positive seal check*):

Andaðu snögg og rösklega frá þér.

- Ef jákvæður þrýstingur myndast innan undir fínagnagrímuni, lekur ekki.
- Ef loft lekur meðfram fínagnagrímuni þarf að laga stöðu grímunnar á andlitinu og e.t.v. herða í teygjum.
- Endurtaka þéttniþróf þar til fínagnagríman lekur ekki.

5 B Þéttni prófuð við innöndun
(*negative seal check*):

Andaðu djúpt að þér.

- Ef fínagnagríman lekur ekki myndast neikvæður þrýstingur og gríman er þétt og loðir við andlitið.
- Leki leiðir til að loft kemst inn í grímuna þar sem gríman gapir. Slík gríma veitir ekki vörn gegn loftbornu smitefni.

Grímur – (skurðstofumaskar):

- Skurðstofugrímur (geta verið með ýmsu lagi) eru notaðir til að verjast stórum dropum og / eða sem hluti hlífðarbúnaðar fyrir andlit við aðgerðir þar sem líkur eru á að blóð og líkamsvessar geti sprautast í andlit.
- Skurðstofugrímur veita ekki sömu vörn gegn örsmáum svifögnum/úða (*droplet nuclei*) og ætti ekki að nota sem hlífðarbúnað við umönnun sjúklinga með smitandi öndunarfærasjúkdóm nema ef fínagnagrímur eru ekki fyrir hendi.
- Skurðstofugrímur eru ekki hannaðar til að falla þétt að andliti og koma því ekki í veg fyrir loftleka þegar sá sem ber grímuna andar að sér, en það er forsenda fyrir vernd gegn öndunarfærasmiti.
- Skipta ber um skurðstofugrímu ef hún verður vot. Hreinsið hendur strax eftir snertingu við notaða grímu.